



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/185
komudagur 19.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17.11.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar.

Markmið frumvarpsins er að Ísland sýni samstöðu á alþjóðlegum vettvangi um afnám dauðarefsinga í öllum tilvikum með því að fullgilda 13. viðauka við sáttmálann. Alþýðusamband Íslands styður eindregið markmið þetta og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt. Jafnframt hvetur Alþýðusambandið til þess að 12. viðauki við sáttmálann verði einnig fullgiltur af Íslands hálfu en þar er fjallað um bann við mismunun af hvaða toga sem er.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ